



HRUNAMANNAREPPUR

58. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

22. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 5. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur S. Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddviti fram dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 10, erindi frá Sigurði G. Guðjónssyni vegna lóðamála í Kerlingarfjöllum. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 14. fundar frá 26. nóvember 2024.

Lögð fram fundargerð 14. fundar Skólanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Umhverfisnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 28. nóvember 2024.

Lögð fram fundargerð 12. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 292. fundar skipulagsnefndar frá 27. nóvember 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 292. fundar skipulagsnefndar frá 27. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 28. Unnarholt I: Unnarholt 4; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 22.08.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, sem tekur til skilgreiningar á nýrri lóð úr landi Unnarholts I L220400. Óskað er eftir að stofna 6.086,4 fm lóð sem fær staðfangið Unnarholt 4. Í framhaldi af lóðastofnun og þegar eigendaskiptum hefur verið þinglýst þá er ætlunin að sameina lóðina Unnarholt 4 við Unnarholt II L220401.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki

erindið. Jafnframt gerir nefndin ekki athugasemd við fyrirhugaða sameiningu í samræmi við framlagðan töluþóst þess efnis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið. Jafnframt gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við fyrirhugaða sameiningu í samræmi við framlagðan tölvuþóst þess efnis.

Mál nr. 29. Unnarholt II: Unnarholt 5; Stofnun lóðar.

Lögð er fram merkjalýsing dags. 22.08.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, sem tekur til skilgreiningar á nýrri lóð úr landi Unnarholts II L220401. Óskað er eftir að stofna 9.704,2 fm lóð sem fær staðfangið Unnarholt 5. Í framhaldi af lóðastofnun og þegar eigendaskiptum hefur verið þinglýst þá er ætlunin að sameina lóðina Unnarholt 5 við Unnarholt I L220400.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið. Jafnframt gerir nefndin ekki athugasemd við fyrirhugaða sameiningu í samræmi við framlagðan töluþóst þess efnis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið. Jafnframt gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við fyrirhugaða sameiningu í samræmi við framlagðan tölvuþóst þess efnis.

Mál nr. 30. Unnarholt: Unnarholt 3; Stofnun lóðar.

Lögð er fram merkjalýsing dags. 22.08.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, sem tekur til skilgreiningar á nýrri lóð úr landi Unnarholts 195942. Óskað er eftir að stofna 454,2 fm lóð sem fær staðfangið Unnarholt 3. Í framhaldi af lóðastofnun og þegar eigendaskiptum hefur verið þinglýst þá er ætlunin að sameina lóðina Unnarholt 3 við Unnarholt II L220401.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið. Jafnframt gerir nefndin ekki athugasemd við fyrirhugaða sameiningu í samræmi við framlagðan töluþóst þess efnis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið. Jafnframt gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við fyrirhugaða sameiningu í samræmi við framlagðan tölvuþóst þess efnis.

Mál nr. 31. Borgarás: Borgarás 3; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 20.03.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 1.595,4 fm lóð, Borgarás 3, úr landi Borgaráss L166732. Aðkoma að lóðinni er frá Syðra-Selsvegi skv. merkjalýsingu. Fyrirhugað er að byggja íbúðarhús á lóðinni.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóðar ásamt nýrri vegtengingu eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið. Sveitarstjórn bendir á að framkvæmdir innan lóðar ásamt nýrri vegtengingu eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

DU ✓
DGS
RSE

Mál nr. 32. Syðra-Langholt: Breyttur byggingarreitur og byggingarmagn; Fyrirspurn.

Syðra-Langholt L207348; Breyttur byggingarreitur og byggingarmagn; Fyrirspurn – 2411051

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til Syðra-Langholts L207348 í Hrunamannahreppi. Á lóðinni er 293,8 m² einbýlishús en fyrirhugað er að stækka byggingarreit og fá svo heimild til að byggja 154,6 m² við húsið á stækkuðum byggingarreit.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að skilgreindur verði byggingarreitur og byggingarheimildir á viðkomandi lóð innan deiliskipulagssvæðisins. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og mælist til þess að skilgreindur verði byggingarreitur og byggingarheimildir á viðkomandi lóð innan deiliskipulagssvæðisins. Að öðru leyti gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn.

Mál nr. 33. Kópsvatn 2: Breytt skilgreining námu E28; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópsvatni stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerðar, einkum á Flúðum og í Reykholti. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m³ af efni. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður send fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 34. Hrafnkelsstaðir 3: Hrafnkelsstaðir 5A og 5C; Hrafnkelsstaðir 5B (áður 3 lóð); Staðfesting á afmörkum jarðar, frístundalóðar, breytt heiti og stofnun lóða.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 11.11.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar staðfestingu á afmörkun jarðar og sumarbústaðalóðar, stofnun 2ja nýrra lóða og breytt staðfang. Óskað er eftir að stofna annars vegar 15.401,6 fm lóð undir fyrirhugað íbúðarhús, Hrafnkelsstaðir 5A, og hins vegar 270.123,6 fm land, Hrafnkelsstaðir 5C, úr landi Hrafnkelsstaða 3 L166764 sem verður um 81,9 ha eftir skiptingu skv. hnitsettri uppmælingu jarðarinnar sem nú liggur fyrir í meðfylgjandi merkjalýsingu. Samhliða uppmælingu jarðarinnar þá var sumarbústaðalóðin Hrafnkelsstaðir 3 lóð L190228 einnig hnitsett og verður 12.921,6 fm skv. nákvæmari mælingu í stað 10.000 fm skv. núverandi skráningu.

Jafnframt er óskað eftir að breyta staðfangi lóðarinnar Hrafnkelsstaðir 3 lóð í Hrafnkelsstaði 5B.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu jarðarinnar og skilgreiningu lóða skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

B2
DAS
RSE

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við afmörkun og breytta skráningu jarðarinnar og skilgreiningu lóða skv. framlagðri merkjalýsingu. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Mál nr. 35. Efra-Sel golfvöllur; Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi, eftir kynningu. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að fjölga herbergjum hótels/gistiheimilis á reit VP5. Aðalskipulagsbreytingin er forsenda fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Efra-Sel. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Efra-Sels golfvallar verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemdum sem bárust vegna kynningar og gera þeim sem athugasemdir gerðu grein fyrir því þegar málið fer í auglýsingu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Efra-Sels golfvallar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist sveitarstjórn til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemdum sem bárust vegna kynningar og gera þeim sem athugasemdir gerðu grein fyrir því þegar málið fer í auglýsingu.

Mál nr. 36. Hrafnkelsstaðir 3: Skilgreining lóðar og byggingarreits; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags eftir auglýsingu sem nær yfir hluta af landi Hrafnkelsstaða 3 L166764. Merkjalýsing þar sem viðkomandi skika verður skipt úr landi Hrafnkelsstaða 3 er lögð fram samhliða samþykkt skipulagsins. Skipulagsmörkin ná yfir hluta af því svæði sem fær nýtt landnúmer og staðföng auk Hrafnkelsstaðar 3 lóð L190288. Engin mannvirki eru til staðar innan skipulagsmarka en gert er ráð fyrir byggingarreit á einni nýrri íbúðarlóð. Áfram er gert ráð fyrir að landið sé flokkað sem landbúnaðarland. Breytingar voru gerðar á tillögunni á auglýsingatíma í takt við athugasemd sem barst vegna málsins og er nú afmörkun L190288 einnig skilgreind á deiliskipulaginu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemd sem barst vegna málsins með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í skipulaginu eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemd sem barst vegna málsins með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í skipulaginu eftir auglýsingu. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

BL
DGS
RSE

Mál nr. 37. ÍB3 Flúðum: Íbúðarsvæði í þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á landnotkun innan þéttbýlismarka á Flúðum. Í breytingunni felst að hluti íbúðarsvæðis ÍB3 svæðis er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnun þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á hjúkrunarheimili, dvalarheimili, félagsþjónustu og íbúðum fyrir aldraða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 43. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. nóvember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember sl.

4. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 22. nóvember 2024.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 329. fundar stjórnar frá 30. október 2024.

Lögð fram fundargerð 329. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

6. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, gistileyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Berghyls ehf., kt. 631017-0450, um leyfi til reksturs gististaðar í flokk II, C Minna gistiheimili, Berghyl – Gistihús, Dyravellir 8, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

7. Ósk um tilnefningu í vinnuhóp vegna kostnaðarskiptingar við BÁ.

Lögð fram ósk um tilnefningu í vinnuhóp til að greina kostnað við brunavarnir og vinna tillögu að skiptingu kostnaðar. Vinnuhópurinn verði skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi. Vinnuhópurinn skili sínum niðurstöðum á vörfundum Héraðsnefndar 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Jón Bjarnason, oddvita, í vinnuhópinn.

8. Bréf frá formanni Reiðhjólábænda frá 21. júní 2025.

Lagt fram bréf frá formanni Reiðhjólábænda þar óskað er eftir leyfi frá sveitarstjórn vegna hjólreiðaviðburðar sem félagið óskar eftir að fá að halda laugardaginn 21. júní 2025.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að hluti hjólreiðaleiðarinnar verði um sveitarfélagið laugardaginn 21. júní 2025.

9. Erindi frá Sigurði G. Guðjónssyni vegna lóðamála í Kerlingarfjöllum.

Lagður fram tölvupóstur frá Sigurði G. Guðjónssyni, lögmanni Margrétar Eyfells en hún er eigandi sumarhúss í Ásgarði í Kerlingarfjöllum. Í tölvupóstinum er þeim áformum sveitarfélagsins að bjóða út landið til leigu í einu lagi sem er handan árinna í Ásgarði í

Kerlingarfjöllum gagnrýnd. Sigurður hafnar þeim áformum og krefst að gengið verði frá lóðarleigusamningi við umbjóðanda hans vegna lóðar undir hús hennar á staðnum.

Sveitarstjórn hefur mótttekið erindið og lagt á það mat með tilliti til þeirra lagasetninga sem í gildi eru varðandi þjóðlendur og í ljósi fyrri samskipta við bréfitara.

Í lögum um þjóðlendur nr 58/1998 segir í 1.mgr. 3.gr.: „Enginn má hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.“ Í umræddri 5.gr sömu laga segir: „Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfenað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.“ Sveitarstjórn vekur athygli á að bréfitari lýsti engum kröfum til lands í þjóðlendu á grunni laganna þegar kallað var eftir slíku á fyrri stigum. Það er skýr túlkun sveitarstjórnar að einkaaðilar skuli ekki eiga sumarbústaði til einkanota í þjóðlendu Hrunamannahrepps og væri samþykkt um slíka notkun í hróplegu ósamræmi við lög um þjóðlendur og þann vilja sem lagður er með umræddum lögum. Því samþykkir sveitarstjórn samhljóða að staðið verði við fyrri bókanir um málið og umrædd lóð verði auglýst laus til umsóknar á þeim grunni sem þegar hefur verið ákveðinn.

10. Opnun tilboða, Útboð – Röðulstangi 2024.

Lögð fram fundargerð frá „Opnun tilboða: Útboð – Röðulstangi“ dags 26. nóvember 2024. Verkið felur í sér gerð nýrra götu í íbúðarhverfinu Byggð á bríkum með tilheyrandi veitulögnum. Útboðið var opið og auglýst á heimasíðum og í fjölmiðlum. Fjórir aðilar skiluðu tilboði:

Stórverk ehf.	123.721.731,-
Jarðtækni ehf.	150.356.956,-
Fögrusteinar ehf.	115.800.400,-
Gröfutækni ehf.	98.445.650,-
Kostnaðaráætlun Eflu:	113.568.150,-

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda enda uppfyllir hann öll skilyrði útboðs.

Hér vék Bjarney Vignisdóttir af fundi.

11. Úthlutun lóða, umsóknir liggja fyrir á fundinum.

Fyrir fundinum liggja 31 umsóknir um 5 lóðir. 20 umsóknir um Birkihlíð 17-21, 3 um Fannborgartanga 1-7, 3 um Loðmundartanga 22 og 5 um Loðmundartanga 29. Dregið var á milli umsækjenda og er niðurstaðan svohljóðandi.

Samþykkir sveitarstjórn samhljóða að úthluta eftirfarandi aðilum lóðunum:

Birkihlíð 17-21 – raðhús

HS fasteignafélag ehf, kt. 700604-2250

Til vara:

Sumarbyggð ehf, kt. 410216-1240

Bjarney Vignisdóttir mætir aftur til fundarins.

Fannborgartangi 1-7 - raðhús

Probygg ehf, kt. 700920-0460

DG

HA

JS

BL

RSE

Til vara:
Byggingafélagið Hvati, kt. 600121-1380

Loðmundartangi 22 – einbýlishús
Guðmundur Aron Víðisson, kt. 280695-2979

Loðmundartangi 29 – einbýlishús
Rakel Ósk Kristófersdóttir, kt. 300196-3149

Iðjúsíóð 15 – iðnaðarhús
Þorsteinn Arnórsson kt. 271181-3459

12. Ákvörðun um íbúafund.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að haldinn verði íbúafundur um fjárhagsáætlun ársins 2025 og önnur málefni er varða starfsemi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna. Fundurinn verði haldinn fimmtudaginn 12. desember kl. 19:30.

Fjárhagsleg málefni:

13. Gjaldskrá fyrir fráveitur, síðari umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.

14. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, síðari umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.

15. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun, síðari umræða.

- Ásamt greinargerð.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2025 fyrir Hrunamannahrepp, Hitaveitu Flúða og Hrunaljós og þriggja ára áætlun, til síðari umræðu ásamt greinargerð en úrdráttur úr henni er eftirfarandi:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og 3ja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 var lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 21. nóvember 2024 og er lögð fram til síðari umræðu þann 5. desember 2024.

Með áætluninni er lagður grunnur að fjárhagsramma sveitarfélagsins fyrir árið 2025 sem nefndum og stofnunum sveitarfélagsins er ætlað að vinna eftir. Auk þess er unnin 3ja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 eins og sveitarfélögum er lögum samkvæmt ætlað að gera.

Í Hrunamannahreppi er nú búið að úthluta lóðum í þéttbýlinu á Flúðum fyrir um 80 íbúðir. Eru framkvæmdir hafnar við margar þeirra og aðrar eru í farvatninu. Ytri aðstæður hafa undanfarið misseri ekki verið sérlega hagfelldar húsbyggjendum. Verðbólgan er þrálát og stýrivextir Seðlabankans í hæstu hæðum. Undanfarið hefur þó verðbólgan gefið eftir og lækkunarferli stýrivaxta er hafið þannig að full ástæða er til bjartsýni hvað fjárhagslegt umhverfi varðar.

En þó að ytri aðstæður hafi verið fáum hagfelldar að undanfögnu hafa einstaklingar og fyrirtæki trú á Hrunamannahreppi og öllum lóðum ávallt verið úthlutað sem auglýstar hafa verið.

DAS

✍

JB

BV

RSE

Það er ánægjulegt að sjá að íbúum hefur einnig fjölgað á árinu 2024 en íbúar voru 955 þann 1. desember 2024. Þann 1. desember 2023 voru íbúar Hrunamannahrepps 898. Hafa því 57 nýir einstaklingar bæst í hóp Hrunamanna á árinu. Íbúafjölgun ársins nemur rétt um 6% miðað við tölur Þjóðskrár sem er langt yfir meðaltali mannfjöldaaukningar á landinu. Ekki er útlit fyrir annað en að sú þróun muni halda áfram miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem nú er staðreynd.

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps árið 2025 eru eftirfarandi:

- Heildartekjur Hrunamannahrepps (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nema alls kr. 1.912 m.kr. fyrir árið 2025. Þar af eru skatttekjur áætlaðar 972,5m.kr.
- Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 415 m.kr.
- Aðrar tekjur A og B hluta eru áætlaðar 525 m.kr.
- Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 1.671 m.kr..
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 350 milljónir sem er 18,3% af tekjum sveitarfélagsins.
- Fjármagnsliðir eru áætl. 101 m.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta er því jákvæð um 141 mkr.
- Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 verður 84,3 %.

Gjaldskrár:

Það er eftirtektarvert að gjaldskrár í Hrunamannahreppi eru víða með því lægsta sem gerist. Sem dæmi má nefna að gjaldskrá hitaveitu er með því allra lægsta sem gerist ef ekki sú lægsta á landinu. Gjöld fyrir leikskóla eru óvída lægri og árskort í íþróttmannvirki eru á fáum stöðum ef nokkrum ódýrari en hér, heimsendur matur til eldri borgara sömuleiðis og áfram mætti telja. Er ljóst að sveitarstjórn hefur í gegnum tíðina viljað gera vel við íbúa og er það jákvætt. Þó verður ávallt að gæta þess að ganga ekki of langt í þessum efnum enda eru tekjustofnar sveitarfélaga á Íslandi bæði fáir og smáir og því mikilvægt að gætt sé að rekstrarhæfi sveitarfélaga um leið og íbúum eru búin góð lífsskilyrði.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að almennar gjaldskrár svo sem leikskóla, mótuneytis og íþróttamannvirkja hækki að jafnaði um 3,5% sem er hið svokallaða merki markaðarins sem aðilar á vinnumarkaði sömdu um í síðustu kjarasamningum.



Gjaldskrár B-hluta fyrirtækja, hitaveitu, fráveitu, vatnsveitu og Hrunaljóss hækka um sem nemur hækkun neysliverðsvisitölu síðastliðna 12 mánuði eða um ~4,5-4,7%. Sveitarstjórn miðar hækkun þessara gjaldskráa við verðlagsþróun síðastliðins árs en ekki við verðbólguþá komandi árs.

Með þessu móti er sveitarstjórn að vinna með rauntölur sem hlýtur að vera eðlilegra en að hækka gjaldskrár á undan verðbólgunni en slíkt eykur verðbólguþrýsting.

Áætlun varðandi rekstur einstakra stofnana er byggð á rauntölum ársins 2023 og áætlaðri útkomuspá ársins 2024. Laun miðast við núverandi starfsmannahóp að mestu. Gert er ráð fyrir 3,5% hækkun á launaliðum fjárhagsáætlunar sem er í samræmi við langtímakjarsamning sem gerður var á árinu 2024. Enn er ósamið við félagi í KÍ og sum félög BHM og ekki er gert ráð fyrir hækkunum aukalega vegna þessa. Dugi ekki sú áætlun sem hér er gerð fyrir væntum kjarasamningsbundnum launahækkunum á árinu verður þeim mætt með gerð viðauka sé þörf á því. Áætlun er gerð á einstaka rekstrarliði stofnana og er unnið út frá rauntölum og raunverulegri stöðu rekstrar og gert ráð fyrir hóflegri hækkun neysliverðsvisitölu víðast hvar eða um 4% sem er í samræmi við spár.

Mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir því að fjárhagsáætlun ber að virða og ef að neyðst er til að víkja frá samþykktari fjárhagsáætlun ber að gera viðauka sem lagður verði fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar.

DAS



RSE
RSE

Fjárfestingar:

Í fjárhagsáætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir að nettó fjárfestingar verði í samstæðu A og B hluta 617 m.kr. Fjárfesting í A hluta muni nema 323 m.kr. nettó.

Langstærsta einstaka fjárfesting ársins 2025 er kostnaður við innréttingu á Hrunamannavegi 3 en neðri hæðin og kjallari þess húss var keypt á árinu 2023. Á árinu 2024 var gengið frá samningi um leigu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á stærstum hluta neðri hæðar hússins og hefur innrétting húsnæðisins verið boðin út. Stefnt er að opnun Heilsugæslu Uppsveitanna í húsinu í ágúst 2025. Á árinu 2024 var innréttað húsnæði í íþróttahúsinu fyrir tækjasal og aðstöðu fyrir sjúkráþjálfara og mun sú aðstaða opna í lok árs 2024.

Gert er ráð fyrir breytingum á Félagsheimili Hrunamanna og að ráðhúsið flytji þar á efri hæð hússins og bókasafnið á þá neðri. Með þessu móti ætti að skapast skemmtilegt flæði á milli stofnana og enn betri nýting fasteigna sveitarfélagsins en nú er.

Með fjölgun íbúa skapast þörf á fleiri leikskólaplássum og enn betri aðstöðu fyrir starfsmenn og gert er ráð fyrir framkvæmdum hvað það varðar á árinu.

Ráðast á í gerð nýrrar götu, Röðulstanga í hverfinu Byggð á bríkum, en fyrirtækið Gröfutækni ehf var lögstjóðandi í útboði um gerð götunnar á haustmánuðum 2024.

Umtalsverðir fjármunir eru einnig settir til endurbóta á gámasvæði sveitarfélagsins sem og í endurbætur og frágang við eldri götur.

En lang stærsta einstaka framkvæmd ársins 2025 er lagning nýrrar vatnsveitu frá Blákvísl á Hrunamannafrétti og niður að Flúðum. Er sú framkvæmd ennþá á hönnunarstigi en fjármunir eru settir til fyrsta áfanga á árinu 2025 enda brýnt að byggðunum sé tryggt nægjanlegt gott neysluvatn.

Aðrar fjárfestingar eru smærri í sniðum en miða allar að bættu umhverfi og betri þjónustu sveitarfélagsins.

Þriggja ára áætlun:

Á árunum 2026 – 2028 er gert ráð fyrir að rekstur verði með nokkuð hefðbundnum hætti. Fjárfestingar samstæðu Hrunamannahrepps muni samtals nema 863 m.kr. Þar ber hæst lagningu vatnsveitu frá Blákvísl að Flúðum og framkvæmdir við nýja sundlaug. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þriggja ára áætlun er hér sett fram miðað við þær forsendur sem í dag liggja fyrir og langtímaspár. Aftur á móti vitum við að ýmislegt getur gerst sem raskað getur þeim spám eins og staðan síðustu misserin hefur svo rækilega sannað. Hrun efnhagskerfisins, heimsfaraldur influensu, eldgos og náttúruhamfarir var ekki eitthvað sem við gátum átt von á, tilheyrandi efnhagslegur óstöðuleiki á heimsvísu sem enginn endir er á og ekki bætir stríð í Evrópu fyrirsjáanleika fjárhagsáætlunargerðar næstu missera.

Kjarasamningar á Íslandi hafa einnig verið með þeim hætti að erfitt ef ekki ómögulegt hefur reynst að áætla fyrir þeim hækkunum sem þar hafa orðið reyndin. Óskandi er að meira jafnvægi verði í fjárhagslegu umhverfi sveitarfélaga á næstu misserum.

Fjárhagsáætlunin var unnin í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana, nefndarmenn og allra sveitarstjórnarmanna og ber að þakka þá jákvæðni og samstarfsvilja sem sýndur var við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun ársins 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028.

Mál til kynningar:

16. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 956. fundar stjórnar frá 20.11.2024.**

Lagt fram til kynningar.

DGS
B
RSE

17. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 957. fundar stjórnar frá 22.11.2024.**

Lagt fram til kynningar.

18. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 958. fundar stjórnar frá 24.11.2024.**

Lagt fram til kynningar.

19. **Svæðisskipulag Suðurlandis: Tilkynning um samþykkt.**

Lagt fram til kynningar.

20. **SASS: Ályktanir frá Ársþingi SASS frá 31. október – 1. nóvember 2024.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:34



Davíð Geir Samúelsson

Haudeia Hjörnsdóttir

Björney Vignisdóttir

Ragnhildur Stefania Eyparsdóttir

